

**Ed.**

**63. Breytingartillögur**

**[23. mál]**

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

1. Á eftir C. 31 komi nýr töluliður:  
*Svalbarðseyrarvegur*: Af Vaðlaheiðarvegi ofan við Geldingsárbrú að Svalbarðseyri.
2. Á eftir C. 32 komi tveir nýir töluliðir:
  - a. *Kljástrandarvegur*: Af Fnjóskadalsvegi utan við Gljúfurá að Höfða á Kljáströnd.
  - b. *Fnjóskadalsvegur vestri*: Frá Draflastöðum suður Fnjóskadal vestan Fnjóskár að Reykjum.
3. Á eftir C. 33 komi nýr töluliður:  
*Útkinnarvegur*: Af Kinnarvegi hjá Ófeigsstöðum að Nípá.
4. C. 37 orðist svo:  
*Bárðardalsvegur eystri*: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, austan Skjálfafljóts að Bjarnastöðum.
5. Á eftir C. 38 komi nýr töluliður:  
*Mývatnssveitarvegur nyrðri*: Af Mývatnssveitarvegi hjá Arnarvatni, norðan Mývatns til Reykjahlíðar.